



Nefndasvið Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

b.t. [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 30.11.2020

**Efni: Umsögn Rithöfundasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 (tímabundin fjölgun starfslauna og styrkja), 310. mál.**

Rithöfundasamband Íslands fagnar því að til standi að taka á þeim vanda sem sjálfstætt starfandi listamenn á Íslandi eiga í um þessar mundir vegna heimsfaraldurs COVID19. Fjölgun listamanna á starfslaunum er lífsnauðsynlegt úrræði sem gefur fleirum í umræddum hópi kost á að sjá sér farborða þegar takmarkanir vegna sóttvarna útiloka í mörgum tilfellum tekjuöflunarmöguleika hans.

RSÍ lítur það einnig jákvæðum augum að flutningsmaður frumvarpsins, mennta- og menningarmálaráðherra, skuli líta á stækkun starfslaunasjóða listamanna sem fjárfestingu fyrir Ísland. Með fjölgun þeirra sem sinnt geta listsköpun sinni á launum er ekki aðeins verið að bæta hag listamanna, heldur fjárfesta í menningarverðmætum sem kemur íslenskum almenningi til góða á óbyggjandi hátt.

Íslenskir listamenn hafa fengið á því að kenna í því harðæri sem nú gengur yfir að íslenska velferðarkerfið á fá bjargráð handa þeim þegar í harðbakkann slær. Aðstoð í formi atvinnuleysisbóta er afar torsótt í hendur kerfisins. Á meðan svo er málum háttað er það afar nauðsynlegt að listamönnum sé gert kleift að vinna fyrir sér með sköpun sinni. Þar skipta starfslaun stóru máli og ekki einungis þegar illa árar. Því hvetjum við stjórnvöld til að líta ekki aðeins á þá stækkun starfslaunasjóða sem lögð er til í þessu frumvarpi sem bráðabirgðaráðstöfun, heldur sé hún skref í þá átt að auka fjárfestingu í menningunni jafnt og þétt.

RSÍ gerir ekki athugasemdir við mismunandi aukningu mánaðarlauna á milli listgreina sem frumvarpið felur í sér og sýnir því fullan skilning að sumir hópar listamanna verði harðar úti en aðrir af völdum heimsfaraldursins. Í framhaldi af því viljum við þó benda á að eins og málum er háttað í íslenskri bókaútgáfu nú um stundir er hætt við að þyngstu áhrif ástandsins á starf og tekjur rithöfunda komi ekki fram fyrir en í byrjun næsta árs.

Loks vill RSÍ minna á að full þörf er á almennri endurskoðun laga um starfslaun listamann, auk þess sem afar brýnt er að launin hækki og hætt verði að líta á listsköpun á Íslandi sem hlutastarf.

Virðingarfyllt,  
Karl Ágúst Úlfsson  
formaður Rithöfundasambands Íslands